

01. stjórnarfundur LH 14. Nóvember 2012

Fundur haldinn í höfuðstöðvum ÍSÍ

Mætt eru: Haraldur Þórarinnsson (HP), Oddur Hafsteinsson (OH), Sigurður Ævarsson (SÆ), Þorvarður Helgason (PH), Sigrún Þórðardóttir (SP), Andrea Þorvaldsdóttir (AP) og Erla Guðný Gylfadóttir (EGG) Stefán Ármannsson (SÁ), Sigurður Ágústsson (SGÁ), Maríaanna Gunnarsdóttir (MG) og Helga B Helgadóttir (HBH)

Gestur: Oddrún Ýr Sigurðardóttir, Benedikt Líndal, Guðlaugur Antonsson.

1. Fundargerð

Búið var að samþykkja síðustu fundargerð.

2. Skipun stjórnar

Samþykkt var eftirfarandi
Sigurður Ævarsson varaformaður.
Sigrún Þórðardóttir gjaldkeri
Oddur Hafsteinsson ritari

Gagnrýni kom fram á upplýsingaflæði innan stjórnar og var óskað eftir því að með öllum formlegum sem óformlegum fundum sem haldnir verða, yrði send minnisblað á stjórn til upplýsinga.

Óskað var eftir því að fjárhagsupplýsingar LH væru kynntar á hverjum fundi ásamt stöðu verkefna sem væru í vinnslu hjá nefndum og stjórn

3. Starfsnefndir

Farið var yfir starfsnefndir LH, ákveðið var að senda bréf á formenn starfsnefnda til þess að fá staðfest hvort breytingar verði á mönnum nefnda.

Rætt var um aðrar nefndir sem þyrfti að setja á laggirnar. Umhverfisnefnd, Markaðs- og kynningarnefnd ásamt kostnaðargreining hestamenskunnar. Formanni var falið að skilgreina hlutverk og markmið þessara nefnda fyrir næsta fund og kynnt fyrir stjórn.

4. Kóngur um stund

Erindi hafði borist frá Hollvinasamtökum Landbúnaðarsamtökum LBHÍ ákváðu árið 2012 að heiðra minningu Gunnars Bjarnasonar. Með bréfinu var óskað eftir styrk til þess að reisa Gunnari minnisvarða á Hvanneyri. Stjórn samþykkti að veita 30.000 kr. til verkefnisins.

5. Önnur mál

a) Trec.

Ákveðið var að ganga í samtökin Í framhaldinu var ákveðið að reglurnar yrðu þýddar og fastmótaðar tillögur yrðu unnar í framhaldinu verkefninu til framdráttar.

b) Velferðarnefnd

Formaður nefndarinnar Benedikt Líndal kom og kynnti drög að niðurstöðum sem sendar verða til stjórnar LH.

c) Hestadagar 2013

Skrifstofa sendi skýrslu til stjórnar um niðurstöður síðasta árs ásamt því að kynntar verði hugmyndir næsta árs.

d) Afreksstefna LH

Ákveðið var að setja saman nefnd til þess að klára að setja saman afreksstefnu LH

e) Dómar um reiðvegamála

Ákveðið var að allir dómar sem hafa fallið um reiðvegamála verði settir inn á heimasíðu LH.

f) U21

Rætt var um að útvíkka starfssemi U21 og var ákveðið að æskulýðsnefnd ásamt Landsliðsnefnd ynnu áfram að málinu.

g) Bréf frá hestamannafélaginu Herði

Bréf barst frá hestamannafélaginu Herði þar sem óskað var eftir styrk til þess að klára útgáfu Sögu félagsins. Ákveðið var að synja beiðninni og mun skrifstofa LH senda Herði bréf þess efnis.

Næsti stjórnarfundur verður 5 desember 2012 kl 15:30

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*